



Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

**BsVest
Ársskýrsla 2013**

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Svæðið skiptist í fjögur félagsþjónustusvæði	2
Þjónusta sem veitt var á árinu 2013.....	3
Fjöldi fatlaðra einstaklinga í virkri þjónustu.	3
Skammtí mavistun Sindragötu 4 – 6 Ísafirði.....	4
Stuðningsfjölskyldur.	5
Sumarúrræði.	6
Lengd viðvera	6
Hæfingarstöðin Hvesta.....	6
Vinnusamningar.	7
Búseta – sólahringsþjónusta.	8
Frekari liðveisla.....	8
Vesturafli	10
Staðan- Verkefni framundan.	11
Tafla 1 Fjöldi í virkri þjónustu	3
Tafla 2 Fjöldi barna með fötlunargreiningu.....	4
Tafla 3 Fjöldi þjónustunotenda skammtí mavistunar eftir félagsþjónustusvæðum	4
Tafla 4 Nýting félagsþjónustusvæðanna á skammtí mavistun eftir sólahringsfjölda á ári	5
Tafla 5 Rekstrarniðurstaða skammtí mavistunar frá 2009-2013.....	5
Tafla 6 Fjöldi stuðningsfjölskyldusamninga.....	5
Tafla 7 Stuðningsfjölskyldur samanburður milli 2009-2013.....	6
Tafla 8 Hvesta	7
Tafla 9 Rekstrarniðurstaða Hvestu	7
Tafla 10 Rekstrarniðurstaða búsetu	8
Tafla 11 Fjöldi í þjónustu (Frekari liðveislu).....	9
Tafla 12 Fjöldi stöðugilda (Frekari liðveisla)	9
Tafla 13 Rekstrarniðurstaða (Frekari liðveisla).....	10
Tafla 14 Framlög og stöðugildi	10

Inngangur

Öll sveitarfélög á Vestfjörðum standa saman að þeirri þjónustu sem sveitarfélögin tóku yfir frá ríkinu um áramótin 2010/2011. Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (framvegis BsVest) sér um málaflokkinn og er stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða jafnframt stjórn BsVest.

Fundir stjórnar varðandi BsVest voru fimm á árinu 2013.

Stjórn skipar:

Albertína F. Elíasdóttir
Friðbjört Matthíasdóttir
Sigurður Pétursson
Sveinn Ragnarsson
Ómar Már Jónsson

Fagleg stjórnun málaflokksins þ.á.m samræming þjónustunnar, tillaga að skiptingu fjármagns, reglur og fleira er í höndum verkefnahóps sem er skipaður af félagsmálastjórum hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig á Vestfjörðum og verkefnastjóra BsVest.

Félagsþjónustunnar eru fjórar og sjá um alla daglega framkvæmd á sínu svæði s.s. að annast rekstur stofnana, sinna ráðgjöf og halda utanum einstaklingsmál.

Verkefnahópurinn starfar samkvæmt erindisbréfi frá stjórn BsVest.

Verkefnahópur BsVest er skipaður þannig:

Arnheiður Jónsdóttir verkefnastjóri formaður til maí 2013.
Sif Huld Albertsdóttir verkefnastjóri formaður frá maí 2013.
Margrét Geirsdóttir varaformaður
Elsa Reimarsdóttir
Guðný Hildur Magnúsdóttir

Hildur Jakobína Gísladóttir, María Játvarðardóttir tók við af Hildi í september 2013.

Einnig situr Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdarstjóri fundina og ritar þá.

Fundað er reglulega, árið 2013 voru 11 fundir skráðir, bæði voru snertifundir og símafundir.

Félagsþjónustusvæðin:

1. Félagsþjónusta Ísafjarðarbæjar.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun (fyrir alla Vestfirði), hæfing/iðja (fyrir alla Vestfirði), atvinnutengd úrræði, frekari liðveisla, lengd viðvera, þjónustuíbúðir (sólahringsþjónusta), sumarúrræði.

2. Félagsþjónustan við Djúp.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun (veitt á Ísafirði) hæfing/iðja(veitt á Ísafirði), frekari liðveisla.

3. Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun (veitt á Ísafirði), hæfing/iðja (veitt á Ísafirði), frekari liðveisla, þjónustuíbúð.

4. Félagsþjónusta Vestur Barðastrandarsýslu.

Ráðgjöf, skammtímavistun (veitt á Ísafirði).

Þjónusta sem veitt var á árinu 2013.

Hér á eftir er samantekt á þjónustu sem veitt var á árinu 2013.

Við skiptingu milli svæða er tekið mið af félagsþjónustusvæðunum en ekki hverju sveitarfélagi fyrir sig; Félagþjónustan við Djúp tekur þannig mið af Súðavík og Bolungarvík, Strandabyggð og Reykhólahreppur tekur mið af Hólmanvík, Kaldranarneshrepp, Árnassýslu og Reykhólum og Félagþjónustan Vestur-Barðastrandarsýslu tekur mið af Vesturbyggð og Táknafirði.

Ráðgjafarþjónusta er veitt á öllum félagsþjónustusvæðunum. Stöðugildum í ráðgjöf og stjórnun var skipt samkvæmt tillögu BS Vest árið 2010. Endurskoðun á stöðugildum í ráðgjöf og stjórnun þarf að fara fram á árinu 2015.

Félagþjónusta við Djúp:	0,34 stg.
Ísafjarðarbær	2,02 stg.
Félagþjónusta Stranda og Reykhólahrepps	0,48 stg.
Félagþjónusta Vestur- Barðastrandarsýslu	0,16 stg.
Byggðasamlagið	1,0 stg.*

*Verkefnastjóri er í 80% stg. og 20% stg. eru rekstur og bókhald.

Fjöldi fatlaðra einstaklinga í virkri þjónustu.


Fjöldi fatlaðra einstaklinga í virkri þjónustu hjá sveitarfélögunum má sjá hér í töflu eitt og er þetta skiptingin fyrir árið 2013.

Ísafjarðarbær er með 71 einstakling í virkri þjónustu.

Félagþjónusta Stranda og Reykhólahrepps er með 16 einstaklinga í virkri þjónustu.


Félagþjónustan V. Barðastrandarsýslu er með 10 einstaklinga í virkri þjónustu.

Félagþjónustan við Djúp er með 14 einstaklinga í virkri þjónustu.



Tafla 1 Fjöldi í virkri þjónustu

Samtals eru 41. barn á svæði BsVest sem er með fötlunargreiningu, þau skiptast milli félagsþjónustusvæða eins og sést á töflu tvo.



Tafla 2 Fjöldi barna með fötlunargreiningu

Skammtí mavistun Sindragötu 4 – 6 Ísafirði.


Skammtí mavistun þjónar öllum Vestfjörðum en reksturinn er á ábyrgð Ísafjarðarbæjar. Húsnæðið er í eigu Ísafjarðarbæjar.

Þjónusta skammtí mavistunar er ætlað að draga úr álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsum. Fötlud ungmenni og fullorðnir eiga einnig kost á skammtí mavistun með það að markmiði að létta álagi af fjölskyldum þeirra og veita þeim tilbreytingu og búa þau undir að flytja úr heimahúsum.


Skammtí mavistunin er nýtt af öllum félagsþjónustusvæðum en mjög misjafnlega þó. Svæðin sem lengst eru í burtu nýta sér þjónustu hennar frá vori fram á haust en svæðin næst henni nýta sér hana allt árið. Fullorðið fólk sem fær þjónustu skammtí mavistunar er einnig í Hæfingarstöðinni Hvestu á dvalartímanum.

Í skammtí mavistuninni eru 5.8 stöðugildi auk þriggja stöðugilda í þrjá mánuði vegna sumarafleysinga.

Árið 2013 fengu sex börn þjónustu skammtí mavistunarinnar og skiptist þannig eftir þjónustusvæðum:



Tafla 3 Fjöldi þjónustunotenda skammtí mavistunar eftir félagsþjónustusvæðum



Tafla 4 Nýting félagsþjónustusvæðanna á skammtímvistun eftir sólarhringsfjölda á ári

Rekstrarniðurstaða skammtímvistunar frá árinu 2009.

2009- Greinargerð	2010- SVest	2011- BsVest	2012- BsVest	2013- BsVest
34,5 m.kr.	45,1 m.kr.	44,7 m.kr.	49,65 m.kr.	48,1 m.kr.


Tafla 5 Rekstrarniðurstaða skammtímvistunar frá 2009-2013

Stuðningsfjölskyldur.

Fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur til að létta álagi af fjölskyldum. Starfsmenn félagsþjónustunnar sjá um að útvega stuðningsfjölskyldu, gera samninga við hana, skipuleggja dvöl barnsins og veita upplýsingar. Stuðningsfjölskyldan hefur barnið hjá sér að jafnaði í tvo til þrjú sólarhringa í mánuði og ber ábyrgð á velferð þess meðan á dvölinni stendur. Allt er þetta gert í nánú samstarfi við foreldra.

Á árinu 2013 voru 10 börn með stuðningsfjölskyldu, frá einum til þrjú sólarhringa í mánuði. Þrjú félagsþjónustusvæði hafa veitt þessa þjónustu og skiptist hún milli þeirra eins og taflan hér fyrir neðan sýnir.

Fjöldi þeirra sem fær þjónustu stuðningsfjölskyldu skipt eftir félagsþjónustusvæðum.



Tafla 6 Fjöldi stuðningsfjölskyldusamninga

Stuðningsfjölskyldur samanburður milli ára.

Greinargerð 2009	SVest 2010	BsVest 2011	BsVest 2012	BsVest 2013
11 samningar	9 samningar	9 samningar	9 samningar	10 samningar
22 sólarhringar á mánuði	15,5 sólarhringar á mánuði	19,8 sólarhringar á mánuði		23,3 sólarhringar á mánuði

Tafla 7 Stuðningsfjölskyldur samanburður milli 2009-2013

*inn í árinu 2010 og 2011 eru tveir þjónustusamningar sem flokkast sem stuðningsfjölskyldusamningar.

Sumarúrræði.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum segir að stuðla skuli að því að fötluð börn eigi kost á sumardvöl þegar þörf krefur. Misjafnt er milli félagsþjónustusvæða hver þörfin er fyrir sumardvöl en ekki hefur verið boðið upp á hana á Vestfjörðum, sumarúrræði hafa verið í boði og hafa þau verið einstaklingsmiðuð og sérsniðin að hverjum og einum einstaklingi á hverju félagsþjónustusvæði fyrir sig.

Hjá Ísafjarðarbæ voru fjórir tímabundnir vinnusamningar og veittur stuðningur á almennu leikjanámskeiði.

Hjá Félagsþjónustu Vestur-Barðastrandasýslu voru engin úrræði árið 2013.

Hjá Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps voru engin úrræði árið 2013.

Hjá Félagsþjónustunni við Djúp fékk þjónustunotandi sumarþjónustu í skammtí mavistun.

Lengd viðvera

Lengd viðvera var í boði hjá félagsþjónustunni við Djúp og hjá Ísafjarðarbæ, boðið var upp á lengda viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.–10. bekk, en lengd viðvera framhaldsskólabarna var í boði hjá Ísafjarðarbæ. Kostnaður við lengda viðveru árið 2013 var kr. 873.030,- Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna var kr. 702.107,- fyrir árið 2013 serm skiptist milli þessa tveggja félagsþjónustusvæða eins og gert var ráð fyrir frá jöfnunarsjóð

Hæfingarstöðin Hvesta.

Hvesta er staðsett á Ísafirði og ber Ísafjarðarbær ábyrgð á rekstrinum en fullorðnir einstaklingar með fötlun á Vestfjörðum hafa kost á að starfa þar. Þeir sem búa annarstaðar en á norðanverðum Vestfjörðum hafa verið í tímabundnu starfi þar á meðan á dvöl þeirra í skammtí mavistun stendur.

Húsnæði Hæfingarstöðvarinnar er í eigu einkaaðila og tók Ísafjarðarbær við langtíma leigusamningi.


Hlutverk Hvestu er að tryggja starfsfólki með fötlun sambærilegt vinnuumhverfi á við aðra þannig að þeir njóti almennra lífsgæða. Jafnframt er lögð rík áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu. Einnig er hlutverk hæfingarstöðvarinnar að auka hæfni fatlaðs fólks til starfs og taka þátt í daglegu lífi.

Í Hvestu er starf hvers og eins miðað við getu viðkomandi og áhugasvið og skiptist starfið niður í eftirfarandi þætti:

- ✓ Starfs og félagsleg þjálfun til að takast á við starf á almennum vinnumarkaði eða tengingu við fyrirtæki á almennum markaði.
- ✓ Undirbúningur fyrir ýmis viðfangsefni jafnt innan eigin heimilis eða utan þess.

Í lok árs 2013 voru fastir starfsmenn með fötlun 16 talsins. Nokkuð misjafnt er hversu lengi dags starfsmenn eru við dagleg störf í Hvestu og einnig er misjafnt hvort starfsmenn eru í hæfingu eða iðju. Dagleg þjónusta er frá tveim tímum 2x í viku upp í átta tíma á dag og miðast vinnutíminn af getu hvers og eins.

Skipting milli félagsþjónustusvæða.



Tafla 8 Hvesta

Rekstrarniðurstaða Hvestu.

2009- greinargerð	2010 – Svest	2011– BsVest	2012– BsVest	2013– BsVest
Upplýsingar vantar.	31.6 m.kr.	32 m.kr.	30.54 m.kr.	31.30 m.kr.

Tafla 9 Rekstrarniðurstaða Hvestu

Vinnusamningar.

Eitt að hlutverkum félagsþjónustunnar er að vera milligöngumaður fyrirtækja og Tryggingastofnunar ríkisins um gerð örorkuvinnusamninga. Þeir gefa einstaklingi með skerta vinnufærni tækifæri til launaðrar vinnu samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

- Atvinna með stuðningi

Atvinna með stuðningi (AMS) felur í sér víðtækan stuðning við þá sem hafa skerta vinnugetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar. Stuðningur felst í aðstoð við að finna starf við hæfi á almennum vinnumarkaði og þjálfun á vinnustað ásamt eftirfylgd.

Unnið er markvisst að því að fólk með fötlun sem þess óskar komist til starfa á almennum vinnumarkaði.

Árið 2013 voru alls tveir með fasta örorkuvinnusamninga og níu örorkusamningar voru í gildi árið 2013.

Búseta – sólahringsþjónusta.

Í lögum um málefni fatlaðs fólks nr.92/1992, með síðari breytingum segir að fatlaður einstaklingur eigi rétt á þjónustu þar sem hann kys að búa.

Unnið er eftir stefnu stjórnvalda og byggðasamlagsins varðandi stuðning við fatlað fólk í búsetumálum. Fatlað fólk skal eiga kostna á félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þess og óskir eftir því sem kostur er. Unnið er eftir þeirri stefnu að búsetuþjónustan sé skipulögð og veitt á einstaklingsforsendum þar sem horft er til möguleika einstaklingsins til að hafa áhrif á eigið líf, njóta einkalífs, búa við öryggi, njóta félagslegs samneytis og njóta lífsfyllingar.

Á Vestfjörðum hefur verið boðið upp á sólahringsþjónustu á Ísafirði, einnig er þjónustuíbúð á svæði Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps.

Búsetuþjónusta er veitt í Sindragötu á Ísafirði í húsnæði sem Ísafjarðarbær keypti árið 2012 af ríkinu. Auk þess er veitt þjónusta í íbúðum sem fatlaðir einstaklingarnir sjálfir eiga og leiguhúsnæði í eigu Ísafjarðarbæjar. Búsetuþjónusta er veitt í húsnæði í einkaeigu hjá Félagsþjónustu Stranda og Reykhóla.

Árið 2013 nýttu 9 einstaklingar sér búsetuþjónustu. Allt á Ísafirði. Íbúar í búsetu eru í stuðningsflokkum SIS mats frá V til XII. A og samkvæmt þeim stöðlum er það fólk sem hefur mikla stuðningsþörf.

Árið 2013 setti Ísafjarðarbær af stað verkefni til að gera betri og bættari búsetuúrræði. Þau voru tilbúin í lok síðasta árs og var það fjórar nýjar einstaklingsíbúðir með aðgengi fyrir fatlaða og einnig ein ný búseta í Sindragötu.

Rekstrarniðurstaða búsetu.

	2009- greinagerð	2010- SVest	2011-BsVest	2012-BsVest	2013-BsVest
Ísafjarðarbær	71 m.kr.	80,8 m.kr.	97,6 m.kr.	111.7 m.kr.	133.4 m.kr.
Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla	Ekki upplýsingar	8,1 m.kr.	9,8 m.kr.	10.4 m.kr.	7,1 m.kr.

Tafla 10 Rekstrarniðurstaða búsetu

Frekari liðveisla.

Í lögum um málefni fatlaðs fólks nr.92/1992, með síðari breytingum er kveðið á um að fatlað fólk eigi rétt á frekari liðveislu og í reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu er talað um frekari liðveislu sem sérstakan stuðning sem er margháttuð aðstoð við athafnir daglegs lífs. Þessi stuðningur tekur meðal annars mið af einstaklingsbundnum þörfum fólks með hliðsjón af óskum þess eða aðstandanda.

Frekari liðveisla er þjónusta sem er veitt hjá þremur félagsþjónustusvæðum af fjórum.

Fjöldi í þjónustu:

	2009-greinargerð	2010- SVest	2011-BsVest	2012-BsVest	2013-BsVest
Ísafjarðarbær	22	17	15	21	19
Félagsþjónustan við Djúp	5	3	3	3	2
Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla	5	4	4	3	2
Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu	0	0	0	0	0
Samtals	32	24	22	27	24

Tafla 11 Fjöldi í þjónustu (Frekari liðveislu)

Fjöldi stöðugilda:

	2009- greinargerð	2010- SVest	2011-BsVest	2012-BsVest	2013-BsVest
Ísafjarðarbær	4,5 stg (norðanverðir Vestfirðir)	3,89 stg	3,89stg.	3,89stg. * 1/10 jókst í 4,89 stg	4,89 stg.
Félagsþjónustan við Djúp	-----	0,35 stg.	0,27 stg.	0,27 stg	0,27 stg
Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla	0,60 stg.	0,62 stg..	0,50 stg.*	0,4 stg	3 stg
Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu	0	0	0	0	0
	5,1 stg.	4,86 stg.	4,76 stg.	4,56 stg* 5,56 stg	8,16 stg

Tafla 12 Fjöldi stöðugilda (Frekari liðveisla)

* fyrstu 9 mánuði ársins

Rekstrarniðurstaða:

	2009-greinagerð	2010- SVest	2011-BsVest	2012-BsVest	2013-BsVest
Ísafjarðarbær	*	21,4 m.kr. (norðanverðir Vestfirðir)	21,3 m.kr.	19,1 m.kr	23,4 m.kr.
Félagsþjónustan við Djúp	*	----	0,9 m.kr.	1,1 m.kr	1 m.kr.
Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla	*	2 m.kr.	1,5 m.kr.	10,4 m.kr	10,7 m.kr.
Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu	*	0	0	0	0
Samtals:		22,5 m.kr.	23,37 m.kr.	30,6 m.kr	35,1 m.kr.

Tafla 13 Rekstrarniðurstaða (Frekari liðveisla)

*Fyrirliggjandi upplýsingar fyrir 2009 er einungis heildarniðurstaða.

Vesturafl

Vesturafl er miðstöð fyrir fólk sem vegna veikinda og/eða annarra tímabundinna aðstæðna býr við skert lífsgæði og getur því ekki tekið virkan þátt í samfélaginu, vinnu eða inni á heimili. Til þessa geta talist geðsjúkdómar, krabbamein, hjartasjúkdómar, stoðkerfissjúkdómar og ýmislegt fleira. Í miðstöðinni er boðið upp á fjölbreytta þjónustu við hæfi hvers og eins. Þjónustan byggist upp á valdeflingu notandans. Rekstraraðilar Vesturafls eru BsVest, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Rauði krossinn. Samanburður milli ára á framlögum og stöðugilda.

	2009-greinagerð	2010-Svest	2011-BsVest	2012-BsVest	2013-BsVest
Stöðugildi	1,2 st.gildi	1,2 st.gildi	1,4 st.gildi	1,2 st.gildi	1,2 st.gildi
Kostnaður við stöðugildi	5.2 m.kr.	5.3 m.kr.	5.9 m.kr.	5.6 m.kr.	5,8 m.kr.

Tafla 14 Framlög og stöðugildi

Staðan- Verkefni framundan.

Árið 2013, Verkefnastjórinn Arnheiður Jónsdóttir sagði starfi sínu lausu frá 1 janúar 2013, ekki var farið í að ráða strax, hún vann fram í maí í hlutastarfi þangað til að nýr starfsmaður tók til starfa, sú heitir Sif Huld Albertsdóttir og er útskrifaður þroskaþjálfari frá Háskóla Íslands. Hóf Sif Huld störf í byrjun maí í 50% stöðu fram til september 2013 þá jókst hlutfall hennar upp í 80%.

Í maí byrjun 2013 fór núverandi og þáverandi Verkefnastjóri á fund Jöfnunarsjóðs þar sem kynna átti framlög ríkisins til sveitarfélaga fyrir árið 2013, Vestfirðir voru með framlög upp á kr. 283.190.000,- miðað við þetta er ljóst að þunginn í eftirspurn eftir þjónustu vex hraðar en fjárframlögin eru, vegna þessa hófst mikil vinna Verkefnastjóra og verkefnahóps að skoða og fara yfir þjónustuna og fengum við að gera lagfæringu hjá jöfnunarsjóð og í október 2013 skilaði það okkur nýjum framlögum, þar sem vinnan sem hófst í maí skilaði sér og framlögin hækkuðu verulega eða kr. 313.079.000,-.

Árið 2013 setti Ísafjarðarbær fram nýtt búsetuúrræði, sem sett var í framkvæmd og það tilbúið í lok árs 2013, fjórar íbúðir hjá félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar voru teknar í notkun.

Í byrjun árs 2014 fórum við yfir styrkumsóknir og veittum styrki til 14 einstaklinga fyrir árið 2013 vegna náms, verkfæra og tækjakaupa. Styrkirnir fóru aðeins fram úr áætlun, en áætlun styrkuppþæðar er 500.000 kr. en veittur var styrkur fyrir 517.543 kr. og einn styrkurinn geymdur til ársins 2014 þar sem ekki lágu fyrir öll gögn vegna hans. Verkefnahópur lagði til við stjórn að hækka framlög um kr. 100.000,- fyrir árið 2014 og var það samþykkt.

Samþykkt var að hækka greiðslur til stuðningsfjölskyldna fyrir árið 2015

Mikið hefur verið um skýrslugerðir og annað sem krefst samvinnu á milli félagsþjónustusvæða og Verkefnastjóra.

Ný búsetuúrræði bæði hjá félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps og V-Barðastrandasýslu eru í kortunum. Félagsþjónusta V-Barðastrandasýslu hefur fengið takmarkað fjármagn árið 2013 til að hefja nýja þjónustu, búsetan hjá félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps var sett á bíði til ársins 2015.

Nóg er framundan og mikið að gerast. Framundan er að vinna áfram að því að skoða þjónustuna betur og samræma hana milli svæða. Reglur sem viðkoma BsVest eru í vinnslu, þjónustusamningar sem gerðir voru við félagsþjónustusvæðin þurfa að fara í endurskoðun og mun það vera gert í lok árs 2014. Undanþága sem veitt var vegna BsVest um stofnun byggðasamlags rennur út 31. desember 2014, fundur varðandi undanþáguna mun verða haldin þann 8. október í Reykjavík og er mikilvægt að sem flestir sjái sér fært að mæta því málefni fatlaðs fólks hjá sveitarfélagunum er viðamikil og þörf er á að við vinnum saman.